

From: Félag ábyrgra hundaeigenda [<mailto:fahundaeigenda@gmail.com>]
Sent: 15. febrúar 2017 08:56félags
To: Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>
Subject: Opið bréf til kosinna fulltrúa.

Opið bréf til kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar og annarra bæjarfélaga á Íslandi þar sem starfandi er hundaeftirlit:

Félag ábyrgra hundaeigenda skorar á yfirvöld að fara eftir reglugerð um velferð gæludýra en í 12. grein hennar stendur: “Ávallt skal, eins fljótt og auðið er, leitað eftir örmerki dýrs sem fangað hefur verið.”

Því miður eru dæmi um það að hundar hafi verið fangaðir og settir í hendur hundaeftirlitsmanna og ekki hafi spurst til þeirra í langan tíma, jafnvel yfir helgi. Þetta er ólíðandi með öllu þar sem þetta er mikið álag á dýrin og fjölskyldur þeirra sem jafnvel skipuleggja leit að dýrum sínum þar sem að kemur hópur fólks.

Miðað við tæknina í dag þá er með öllu óskiljanlegt hvað það tekur marga hundaeftirlitsmenn langan tíma að koma óskilahundum til fjölskyldna sinna.

Við skorum á yfirvöld að bæta úr þessu hið fyrsta. Hundaeigendur eru skattgreiðendur sem borga auk þess sérstakt gjald til að mega halda hund og vilja að komið sé til móts við þá eins og aðra borgara þessa lands.

Þau svör sem hundaeigendur hafa fengið hingað til þegar þeir hafa spurt út í þessa hluti eru að hundaeftirlitsmenn starfi bara á skrifstofutíma, séu ekki með örmerkjaskanna í bílnum hjá sér o.s.frv.

Í lokin viljum við hrósa þeim bæjarfélögum sem eru að standa sig.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar Félags ábyrgra hundaeigenda,
Rakel Linda Kristjánsdóttir